

## **86. ársþing UMSK**

### **Þingsetning**

Valdimar Leó Friðriksson, formaður UMSK, setti þingið og flutti setningarávarp.

### **Kosning þingforseta**

Valdimar Leó Friðriksson bar fram tillögu um þingforseta og tilnefndi Pál Hilmarsson. Tillaga um þingforseta var samþykkt.

### **Kosning þingritara**

Þingforseti tók til starfa og bar fram tillögu um þingritara og tilnefndi Pálínu Hinriksdóttur. Tillaga um þingritara samþykkt.

### **Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar**

Þingforseti bar upp tillögu um þriggja manna kjörbréfanefnd: Kristinn Jónatansson, Gyðu Árnýju Helgadóttur og Önnu Möller. Tillaga um kjörbréfanefnd samþykkt.

### **Skýrsla stjórnar lögð fram**

Þingforseti gaf formanni, Valdimari Leó Friðrikssyni, orðið og flutti hann skýrslu stjórnar.

### **Endurskoðaðir reikningar sambandsins lagðir fram fyrir árið 2009**

Gjaldkeri, Albert H.N. Valdimarsson, fór yfir reikninga sambandsins.

### **Ávörp gesta**

Ólafur Rafnsson, forseti ÍSÍ: Þakkar góða skýrslu og gott samstarf ÍSÍ og UMSK. Kom inná hvað íþróttastarfið er mikilvægt í þjóðfélaginu og að passa þurfi að styrkir til íþróttahreyfingarinnar minnki ekki og sérstaklega til barna og unglिंगastarfs. Ólafur veitti viðurkenningu frá ÍSÍ til Ingibjargar Hinriksdóttur og Jóhannesar Sveinbjörnssonar sem bæði hafa starfað lengi fyrir hreyfinguna.

Helga Guðrún Guðjónsdóttir, formaður UMFÍ: Flytur kveðju frá stjórn UMFÍ. Þakkar fyrir góða skýrslu.

### **Álit kjörbréfanefndar**

Anna Möller, formaður kjörbréfanefndar, sagði nefndina vera búna að fara yfir öll kjörbréfin. Kjörbréf bárust frá 11 aðildarfélögum af 36. Formaður kjörbréfanefndar lagði til að þau yrðu öll samþykkt. Þingfulltrúar samþykktu.

### **Staðfesting á aðild nýrra félaga**

Valdimar Leó Friðriksson formaður sagði frá því að tvö félög sóttu um aðild. Tvö félög uppfylltu skilyrði fyrir aðild að UMSK. Þau eru:

- Ísbjörninn
- Tennisfélag Garðabæjar

Þingið staðfesti félagin. Þingforseti bauð þau velkomin í sambandið.

### **Atkvæðagreiðsla um skýrslu og reikninga**

Skýrsla stjórnar samþykkt.

Reikningar stjórnar samþykktir.

### **Heiðursviðurkenningar**

#### **Dansbikar UMSK**

Rakel Ýr Högnadóttir og Birkir Örn Karlsson

#### **Fimleikabikar UMSK**

Íris Mist Magnúsdóttir (Gerpla)

#### **Frjálsíþróttabikar UMSK**

Kári Steinn Karlsson (Breiðablik)

#### **Sundbikar UMSK**

Guðlaug Edda Hannesdóttir (Breiðablik)

#### **Skíðabikar UMSK**

Markús Már Jóhannsson (Breiðablik)

#### **Afreksbikar UMSK**

Arnar Grétarson (Breiðablik)

#### **UMFÍ – bikarinn**

HK-blak, meistaraflokkur kvenna

### **Viðurkenningar til sjálfboðaliða**

#### **Starfsmerki UMSK**

Svala Vignisdóttir (Stjarnan)

María Grétarsdóttir (Stjarnan)

Guðný Svanfríður Stefánsdóttir (Stjarnan)

Hörður S. Hrafnald (Stjarnan)

Eggert Eggertsson (NK)

**Silfurmerki UMSK**

Ingibjörg B. Jóhannesdóttir

**Félagsmálaskjöldur UMSK**

Sigurjón Sigurðsson (HK)

**Skipun í nefndir**

**Nefndastörf**

Fjárhagsnefnd – fjallar um þingskjöl 1 og 3.

Íþróttanefnd – fjallar um þingskjöl 2,4,5,6 og 7.

Alsherjarnefnd – fjallar um þingskjöl 8,9 og 10.

**Fundarhlé. Veitingar í boði Garðabæjar**

**Fjárhagsáætlun næsta árs**

Gjaldkeri sambandsins, Albert H.N. Valdimarsson, lagði fram og kynnti fjárhagsáætlun næsta árs.

**Þingskjal nr. 1**

**Fjárhagsáætlun 2010**

**Rekstrartekjur:**

Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	2.800.000
Lottó UMFÍ og ÍSÍ	34.000.000
Skattar aðildarfélaga	800.000
Getraunir	1.100.000
Afreksmannasjóður	3.000.000
Aðrar tekjur	1.000.000
<b>Alls</b>	<b>42.700.000</b>

**Rekstrargjöld:**

Skrifstofa og rekstur	8.500.000
Þing og aðrir fundir	600.000
Lottó til aðildarfélaga	28.000.000

Afreksmannasjóður		3.000.000
Gjafir og viðurkenningar		400.000
Kostn. v/héraðsmóta		300.000
Unglingalandsmót		500.000
Skólahlaup		150.000
Kostnaður v/landsmóts		500.000
Annar kostnaður		300.000
	<b>Alls</b>	<b>42.250.000</b>
Fjármagnstekjur		400.000
<b>Niðurstöður</b>		<b>850.000</b>

*Þingfulltrúar samþykktu fjárhagsáætlun næsta árs og voru engar umræður um hana.*

#### Laga- og reglugerðabreytingar

Engar breytingar.

*Þingfulltrúar skiptu sér í nefndir þar sem fjallað var um þessi mál. Arnþór Sigurðsson, Jón Pálsson og Ásta Garðarsdóttir stýrðu nefndunum og fylgdu eftir því sem fjallað var um í nefndunum.*

#### Þingskjal nr. 2

**86. ársþing UMSK, haldið í Kirkjulundi Garðabæ 25. febrúar 2010, samþykkir að eftirfarandi breytingar verði gerðar á reglugerð um Skólahlaup UMSK:**

#### **Þátttökuréttur**

Allir nemendur í grunnskólum á sambandssvæðinu sem eru í 4., 5., 6., 7. bekk eiga keppniserétt í Skólahlaupi UMSK.

Hver skóli má senda ótakmarkaðan fjölda keppenda í hverjum aldursflokki. Keppt skal í einstaklingskeppni. Hlaupið skal að jafnaði fara fram í september/október og haldið á viðurkenndum frjálsípróttavelli.

#### **Vegalengdir:**

- 4. bekkur 400 metrar
- 5. bekkur 400 metrar
- 6. bekkur 800 metrar
- 7. bekkur 800 metrar

#### **Verðlaun:**

Veitt skulu einstaklingsverðlaun til þriggja fyrstu í 6. og 7. bekk, bæði pílta og stúlkna. Þá skulu veitt sérverðlaun þeim skóla sem er með bestu þátttökuna í skólahlaupinu í hlutfalli við nemendafjölda í þessum árgöngum. Allir hljóta viðurkenningu fyrir þátttökuna.

***Samþykkt af þingfulltrúum með breytingu um að veita verðlaun til þriggja fyrstu í 6. og 7. bekk eftir þónokkrar umræður.***

### **Þingskjal 3**

**86. ársþing UMSK haldið í Kirkjulundi Garðabæ 25. febrúar 2010 samþykkir eftirfarandi breytingar á reglugerð um Afreksmannasjóð UMSK:**

#### **Afreksmannasjóður UMSK**

Afreksmannasjóður UMSK er myndaður af ákveðnum hluta þeirra tekna sem fengnar eru frá Lottói. Stjórn UMSK úthlutar styrkjum samkvæmt umsóknum sem berast. Úthluta skal úr sjóðnum 3 sinnum á ári og skal auglýsa sérstaklega eftir umsóknum í sjóðinn. Sjóðsstjórn samanstendur af fjórum aðilum úr hreyfingunni. Kosið skal um fjóra einstaklinga á ársþingi en fimmti stjórnarmaður skipaður af stjórn UMSK.

***Samþykkt af þingfulltrúum að hafa 4 í nefndinni: Andra Sigfússon (Gróttu), Auði Þorsteinsdóttur (Gerplu), Elínu Reynisdóttur (Aftureldingu) og Ástu Garðarsdóttur (Stjórnnunni). Heilmiklar umræður voru um þennan lið tillögunnar.***

Sjóðurinn styrkir eftirfarandi:

1. Þátttaka í Norðurlandamótum, Evrópumótum og Heimsmeistaramótum.
2. Önnur verkefni og sérstök afrek sem verða sérstaklega metin hverju sinni. (Með sérstökum afrekum er átt við að íþróttamaður í hópíþrótt hafi verið valinn í úrvalshóp, til þátttöku í lokakeppni ólympíu-, Evrópu- eða heimsmeistaramóts. Íþróttamenn í einstaklingsgreinum skulu hafa náð þeim lágmarkum sem viðkomandi sérsamband setur fyrir þessi sömu mót). Stjórn er heimilt að úthluta úr sjóðnum til einstaklinga eða sérstakra verkefna.
3. Almennt skal miða við að styrkupp hæð sé 20% af flugfargjaldi eða lágmarksupphæð sem sjóðsstjórn ákveður hverju sinni.
4. Umsóknir skulu undirritaðar af stjórn þess félags sem umsækjandi tilheyrir.
5. Stjórn sjóðsins skal færa rök fyrir úthlutun og höfnun úr sjóðnum.

***Samþykkt af þingfulltrúum að úthluta 3svar á ári úr sjóðnum. 1. úthlutun 1/3 af heildarsjóð, 2. úthlutun 1/3 + afgangur 1/2, 3. úthlutun 1/3 + afgangur 2/3.***

### **Þingskjal nr. 4**

**86. ársþing UMSK haldið í Kirkjulundi Garðabæ 25. febrúar 2010 samþykkir að stofnuð verði starfsnefnd sem endurskoðar aðkomu UMSK að Landsmóti UMFÍ.**

**Greinargerð:** Þátttaka í Landsmótum UMFÍ hefur verið að minnka undanfarin Landsmót. Í mörgum íþróttagreinum er orðið erfitt að fá keppendur til að keppa fyrir hönd UMSK. Lagt er til að skipuð verði nefnd sem fer ofaní saumana á þátttöku sambandsins og skoði aðkomu þess og félaganna að Landsmótunum og komi með tillögur til úrbóta.

***Samþykkt af þingfulltrúum.***

#### **Þingskjal nr. 5**

**86. ársþing UMSK haldið í Kirkjulundi Garðabæ 25. febrúar 2010 samþykkir að stofnuð verði Unglingalandsmótsnefnd sem í situr fólk úr grasrótinni.**

**Greinargerð:** Mikil aukning hefur verið á þátttöku á Unglingalandsmótunum frá félögum innan UMSK. Síðustu tvö mót hefur UMSK verið með lang fjölmennast lið þátttakenda. Aðkoma sambandsins hefur verið lítil fyrir utan niðurgreiðslu þáttökugjalda. Unglingalandsmótin eru kjörinn vettvangur til þess að efla sýnileika og vitund ungmenna um UMSK. Lagt er til að stofnuð verði Unglingalandsmótsnefnd sem hefur það verkefni að skipuleggja aðkomu sambandsins að Unglingalandsmótunum.

***Samþykkt af þingfulltrúum.***

#### **Þingskjal nr. 6**

**86. ársþing UMSK haldið í Kirkjulundi Garðabæ 25. febrúar 2010 samþykkir að stofnuð verði almenningsíþróttanefnd innan UMSK sem hefur það hlutverk að efla almenningsíþróttir innan sambandsins.**

**Greinargerð:** Mikil aukning hefur orðið á þátttöku almennings í hinum ýmsu almenningsíþróttaviðburðum og þátttaka og áhugi alltaf að aukast. Til að svara kalli almennings leggjum við til að stofnuð verði almenningsíþróttadeild sem vinnur að því efla enn frekar almenningsíþróttir innan sambandsins. Einhver félög hafa nú þegar stofnað almenningsíþróttadeildir og yrði því hlutverk nefndarinnar að vera tengiliður þeirra við UMSK, skapa sameiginlegan vettvang og hugsanlega skipuleggja og standa fyrir sameiginlegum viðburðum.

**Ásta Garðarsdóttir (Stjarnan) fór fram á að þessi tillaga yrði felld út en í staðinn myndi UMSK taka að sér að styrkja og hvetja aðildarfélögin til að efla almenningsíþróttir og var það samþykkt af þingfulltrúum.**

#### **Þingskjal nr. 7**

**86. ársþing UMSK haldið í Kirkjulundi Garðabæ 25. febrúar 2010 samþykkir að stofnuð verði nefnd um íþróttir aldraðra 50+ innan UMSK.**

**Greinargerð:** Á síðasta landsmóti UMFÍ á Akureyri voru um eitt hundrað keppendur sem kepptu í íþróttum aldraðra fyrir hönd UMSK og alltaf fjölgar í hópi eldri borgara sem vilja halda áfram að hreyfa sig þótt aldurinn færist yfir. Félög innan UMSK eru í forystu á landsvísu í framboði á hreyfingu fyrir þennan aldurshóp og er horft til okkar í þessum málum. Enn er þó langt í land að þátttaka eldri borgara á Íslandi sé í líkingu við það sem gerist á hinum Norðurlöndunum. Lagt er til að stofnuð verði nefnd innan UMSK sem vinnur að því að efla og breiða út íþróttir aldraðra 50+ innan sambandsins.

***Samþykkt af þingfulltrúum með því að fella út orðið aldraðra 50+ og hafa bara 50+.***

#### **Þingskjal nr. 8**

**86. ársþing UMSK haldið í Kirkjulundi Garðabæ 25. febrúar 2010 samþykkir að stofnuð verði forvarna- og fræðslunefnd innan UMSK.**

**Greinargerð:** Íþróttta- og ungmennafélögin gegna veigamiklu hlutverki í uppeldi æsku landsins. Innan íþróttahreyfingarinnar eru miklir möguleikar á því að hafa jákvæð áhrif á börn og unglinga og forvarnagildi hennar því mikið. Hlutverk forvarna- og fræðslunefndar UMSK verður að skipuleggja og móta stefnu sambandsins í forvarnar og fræðslumálum og vinna að því að gera starfið markvissara í þessum málaflokki. Orðið forvörn er hér í víðum skilningi, á við um brottfall úr íþróttum og atvinnuleysi svo dæmi séu tekin auk hinnar venjulegu skilgreiningar orðsins varðandi vímuefnanotkun.

***Samþykkt af þingfulltrúum.***

#### **Þingskjal 9**

**86. ársþing UMSK haldið í Kirkjulundi Garðabæ 25. febrúar 2010 samþykkir að formannafundur sambandsins verði endurvaktir.**

**Greinargerð:** Samkvæmt lögum UMSK á að halda formannafundi UMSK einu sinni á ári. Einhver misbrestur hefur verið á að þessir fundir séu haldnir. Lagt er til að fundirnir verði endurvaktir því aldrei er mikilvægara en nú að félögin geti miðlað á milli sín upplýsingum um sameiginleg hagsmunamál. Fundirnir þurfa að vera markvissir með ákveðna dagskrá og jafnvel fræðslu um áhugaverð verkefni eða nýjungar hjá aðildarfélögunum.

***Samþykkt af þingfulltrúum að bæta inn í tillöguna að jafnframt yrðu haldnir fundir í heimabyggð með hverju aðildarfélagi fyrir sig um málefni UMSK.***

### **Þingskjal 10**

**86. ársþing UMSK haldið í Kirkjulundi Garðabæ 25. febrúar 2010 samþykkir að sambandið standi fyrir ráðstefnu um hagsmunamál félaganna. Með það í huga að skrifstofu sambandsins verði síðan falið að afla reglulega upplýsinga um framlög og aðstöðu sem aðildarfélögum er sköpuð af viðkomandi sveitarfélögum og safni slíkum upplýsingum í gagnabanka sem verði opinn öllum á vef sambandsins.**

**Greinargerð:** Miðlun upplýsinga og þekkingar er eitt af veigamestu hlutverkum UMSK. Að bera saman aðstöðu aðildarféлага og annarra, bæði hvað varðar fjárframlög, mannvirki og verkefni er góð leið til þess að hvetja félögin til dáða og styrkja þau í hagsmunabaráttu sinni. Félögin eiga að keppa innbyrðis í íþróttum en standa saman vörð um hagsmuni sína og hlutverk í samfélaginu. Með því að samræma hagsmunagæslu félaganna á vettvangi UMSK ætti að verða til öflugri málsvari en félögin eru hvert í sínu lagi.

***Samþykkt af þingfulltrúum.***

### **Önnur mál**

Lórens Rafn frá Glóðinni í Kópavogi þakkaði stjórn UMSK fyrir veittan stuðning við félagið og nefndi að jákvæðni er afl sem eingöngu byggir upp.

### **Kosning, kjörnefnd skilar álit**

- 1. Kosning formanna.** Í kjöri var Valdimar Leó Friðriksson. Kosinn.
- 2. Kosning tveggja stjórnarmanna.** Í kjöri voru Ester Jónsdóttir (Breiðablik) og Albert H.N. Valdimarsson (HK). Kosin.
- 3. Kosning þriggja manna í varastjórn.** Í kjöri: Svanur M. Gestsson (Afturelding), Halldór Valdimarsson (HK) og Alda Kolbrún Helgadóttir (Breiðablik). Kosin.



**4. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.** Kristján Sveinbjörnsson (UMF Álftanes) og Hafsteinn Pálsson (Afturelding). Til vara: Logi Kristjánsson. Kosin.

**5. Kosning til Íþróttapings skv. lögum.** Ekki tekið fyrir.

Ester Jónsdóttir tók til máls fyrir hönd stjórnar UMSK og þakkaði Stjórnunni móttökurnar og þingfulltrúum fyrir komum. Þingi slitið.

**Þingslit**